

*Alþingi**Erindi nr. Þ 130/101**komudagur 11. 11. 2003*

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 11.11.2003

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, og lögum nr. 29/1993 um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., 90. mál.

Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, og lögum nr. 29/1993 um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., 90. mál.

Markmið frumvarpsins er að afla eins milljarðs tekna fyrir ríkissjóð á ársgrundvelli. Af þessum eina milljarði eru 850 milljónir af mörkuðum tekjustofnum til vegagerðar.

Af athugasemdum við frumvarpið má ráða að meginröksemdafærslan fyrir því að hækka umrædd gjöld sé að þau hafi ekki hækkað í takt við breytingar á neysluverðsvísitölu. Að mati ASÍ fá slík rök ekki staðist. Benda má á að verði frumvarpið samþykkt hefur það í för með sér beina hækkun neysluverðsvísitölu upp á 0,12% auk þess sem búast má við að það leiða til hækkaðs flutningskostnaðar og þar með vöruverðs. Spyrja má hvort slíkt kalli aftur á hækkun gjaldanna?

Verði frumvarpið að lögum munu það leiða til þess að skuldir heimilanna muni hækka um tæpan milljarð króna. Staða einstakra skuldara mun þar með versna. Ef tekið er dæmi af skuldara sem skuldar 8 milljónir í 40 ára húsbrefum þá mun hækkunin leiða til þess að heildargreiðslur viðkomandi verða um 100 þúsund krónum hærri á lánstímanum en ella hefði orðið.

Einnig má benda á að þessar hækkunir munu hafa neikvæðari áhrif á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu. Mörg svæði á landsbyggðinni eiga í vök að verjast og erfitt hefur reynst að halda uppi verslun og þjónustu á viðkomandi svæðum. Verði frumvarpið að lögum mun slíkt reynast enn erfiðara.

ASÍ leggst því gegn samþykkt frumvarpsins.

F.h. Alþýðusambands Íslands

Ólafur Darri Andrason
Hagfræðingur ASÍ